

Ed.

227. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breytingu á lögum nr. 87 24. desember 1971 um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Á eftir 5. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Launagreiðanda er skylt að veita innheimtuaðila orlofsfjár upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna sinna.

Í því skyni að staðreyna slíkar upplýsingar er innheimtuaðila orlofsfjár heimill aðgangur að bókum og bókhaldsgögnum launagreiðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Viðbót sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að komi við 7. gr. gildandi orlofslaga felur í sér heimild fyrir Póstgíróstofuna til að fá aðgang að bókhaldi fyrirtækja ef ástæða þykir til að sannreyna þær upplýsingar sem látnar hafa verið í té um greitt og vangreitt orlofsfé. Þessi heimild ætti að stuðla að bættri innheimtu og betri skilum orlofsfjár en nú er. Sérstök ástæða þykir til þess að veita Póstgíróstofunni þessa heimild nú vegna breytingar á reglugerð nr. 150/1972 um orlof, sem ákveðið er að ráðast í samhliða lögfestingu þessa frumvarps. Felur sú breyting það í sér, að Póstgíróstofunni verður gert skylt að greiða orlofsþega höfuðstól eigin orlofsfjár, þegar hann hyggst fara í orlof, þótt atvinnurekandi sé þá ekki búinn að skila fénu til Póstgíróstofunnar.

Vegna þess forgangsréttar sem orlofsfé fylgir við gjaldprot og ábyrgðar ríkissjóðs á greiðslu þess, ætti þessi breyting ekki að geta bakað Póstgíróstofunni neitt fjárhagstjón, en hún getur hinsvegar skipt launþega mjög miklu máli.